



VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Ákvörðun nr. 1/2011

Álagning dagsekta á Laundromat Reykjavík ehf. vegna vanrækslu á að fara eftir fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins

I. Málavextir

Í reglubundinni skoðun eftirlitsmanns Vinnueftirlits ríkisins að Austurstræti 9, 101 Reykjavík þann 10. mars 2011 var tekin sú ákvörðun að veita fyrirtækinu Laundromat Reykjavík ehf., kt. 651010-1010, eftirfarandi fyrirmæli:

- Að gera skyldi áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað.

Voru fyrirmælin gefin á grundvelli 21. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Í ofangreindri ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins kom fram að fyrirtækið skyldi tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um það þegar úrbótum væri lokið.

Fyrirmælin voru ítrekuð tvisvar með bréfum sem Vinnueftirlit ríkisins sendi Laundromat Reykjavík ehf., dags. 1. júní 2011 og 30. júní 2011. Þrátt fyrir þessar ítrekanir þá var ekki farið eftir þessum fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins og engar tilkynningar um úrbætur bárust stofnuninni.

Með bréfi dags. 30. september 2011 var Laundromat Reykjavík ehf. sent bréf þar sem athygli var veitt á rétti aðila skv. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 að tjá sig um efni máls áður en ákvörðun yrði tekin í því. Kom fram í bréfinu að Vinnueftirlit ríkisins væri að íhuga að leggja á dagsektir á fyrirtækið þar sem það hafði ekki farið að ofangreindum fyrirmælum stofnunarinnar. Laundromat Reykjavík ehf. var veitt 14 daga frestur til að koma að andmælum áður en Vinnueftirlit ríkisins tæki ákvörðun um hvort leggja skyldi á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Ekkert svar barst stofnuninni.

II. Niðurstaða

Skv. 1. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum er það m.a. tilgangur laganna að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi. Skv. 75. gr. laga nr. 46/1980 er það hlutverk Vinnueftirlits ríkisins að hafa eftirlit með lögunum. Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum erum mörg almenn efnisákvæði er kveða á um hvernig vinnuumhverfi starfsmanna skuli háttað og í reglum og reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra eru ákvæði laganna nánar útfært.

Skv. 13. gr. laga nr. 46/1980 er það skylda atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Skv. 37. gr., 42. gr. og 46. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, skal fylgja fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þar sem Laundromat Reykjavík ehf. hefur ekki farið að ofangreindum fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins þrátt fyrir að fyrirmælin hafi verið ítrekuð þá hefur stofnunin tekið þá ákvörðun að leggja á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 þangað til fyrirtækið uppfyllir lagaskyldur sínar, en sú grein kveður á um það, að ef ákvæði laga nr. 46/1980 eða reglna sem settar eru með stoð í þeim eru brotin og ekki er farið eftir ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins á grundvelli þeirra þá getur stofnunin ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðun beinist að greiði dagsektir þar til farið verður að henni.

Skv. gögnum Vinnueftirlits ríkisins þá starfa 6 starfsmenn hjá Laundromat Reykjavík ehf. en fyrirtækið stundar veitingarrekstur.

III. Ákvörðunarorð

„ Laundromat Reykjavík ehf., kt. 651010-1010, hefur brotið gegn 21. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

Af þeim sökum og með heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, leggur Vinnueftirlit ríkisins dagsektir á Laundromat Reykjavík ehf. Skal Laundromat Reykjavík ehf. greiða kr. 25.000 á dag frá og með næsta degi eftir að fyrirtækinu var tilkynnt sannanlega um þennan úrskurð og þar til fyrirtækið hefur tilkynnt um úrbætur til Vinnueftirlits ríkisins í samræmi við ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins frá 10. mars 2011.”

Vinnueftirlit ríkisins

Björn Þór Rögnvaldsson